


## Lyfjagjafaáætlun Saga 2019.3 og 2020.2 (neðst í skjali)



Nýtt rafrænt lyfjagjafaskráningarkerfi gerir hjúkrunarfræðingum kleift að halda utan um tínslu lyfja, lyfjaskömmtun og skrá lyfjagjöf. Þar er einnig hægt að sjá yfirlit á skráningu lyfja, hvort þau hafi verið gefin eða afbókuð. Hægt er að sjá fleiri en eina deild í einu ef starfsemin býður upp á þannig umhverfi. Verkefnið er unnið í samvinnu við Þulu, sem skrifað hefur rafrænt lyfjafyrirmælakerfi fyrir lækna. Lyfjaskömmtun er tengd við fyrirmælakerfið og hefur Lyfjaver tekið við skömmtun frá fyrirmælakerfinu. Þessi eining er seld sér og virkar bara með Lyfjaveri. Hafið samband við Origo Heilbrigðislausnir ([origo@thjonusta.is](mailto:origo@thjonusta.is)) til að fá nánari upplýsingar um verð.



### Deildaryfirlit:

Þegar smellt er á örna hægra megin við Deildaryfirlit (gult) þá er hægt að fella saman sýnina á yfirliti yfir lyfjagjafaáætlun.



Þegar smellt er á örna hægra megin við deildarheitið, í þessu tilfalli „GH Öldrunardeild“ þá opnast fellivalmynd með fleiri deildum sem notandi hefur aðgang að og er þá hægt að sjá fleiri en eina deild í einu. Notandi hakar við þær deildir sem hann vill skoða og smellir svo á „Staðfesta“.

Deildaryfirlit

GH Öldrunardeild

- Gauti - Lega
- GH Kvennadeild - legudeild
- GH Öldrunardeild
- Guðjónsdeild(T)
- Heila- og taugaskurðeild
- HjollaPrufa(H)
- Legudeild Geðdeildar(T)
- Legudeild(T)
- NHDV B1-01 Legudeild
- NHDV B1-03 Legu- og slysadeild
- NHDV B1-04 Legudeild
- NHDV B1-05 Göngudeild og Legudeild
- NHDV B1-11 Kvennadeild
- NHDV B1-13 Lokuð deild (Húð og kyn)
- NHDV B1-14 Varin deild (Geð)
- Rafrænar fæðingartilkygningar(T)

Staðfesta Hætta við

**Dagatal:**

Þegar smellt er á örina hægra megin við dagsetninguna (gult) þá er hægt að fela dagatalið. Notandi getur smellt á dagsetningar bæði fram og aftur í tímann í dagatalinu. Til þess að komast fljótt aftur á daginn í dag er smellt á „Í dag“. Í næstu útgáfu af Sögu birtast tölurnar í dagatalinu í öðrum lit ef það á eftir að taka til lyf á þeim degi.

123 Þriðjudagur, 10.sep. 2019 →

september 2019							
su.	má.	þr.	mi.	fi.	fö.	la.	
35	25	26	27	28	29	30	31
36	1	2	3	4	5	6	7
37	8	9	10	11	12	13	14
38	15	16	17	18	19	20	21
39	22	23	24	25	26	27	28
40	29	30	1	2	3	4	5

Í dag

**Raðað eftir stofu:** Þegar notandi smellir á örina hægra megin við „Raðað eftir stofu“ birtast tveir aðrir valmöguleikar; „Kennitölu“ og „Nafni einstaklings“. Hægt er að raða yfirliti eftir stofu, kennitölu eða nafni einstaklings með þessum valmöguleikum.

1/2 Raðað eftir: Stofu

- Stofu
- Kennitölu
- Nafni einstaklings

Deildaryfirlit – neðst í horninu vinstra megin. Þessi hluti er ekki tilbúinn en síðar meir mun vera hægt að velja einstaklingssýn hér.

### Einstaklingur - yfirsýn

Þegar deild/ir hefur verið valin birtast nöfn einstaklinga sem liggja á deildinni og sést stofa, herbergi og kennitala. Ef ekkert blátt tákni með tölustaf er við nafn einstaklings merkir það að einstaklingur er ekki á neinum lyfjum eftir þörfum.

Sigurrós Stofa 1 : 101	3	
Hrönn Stofa 2 : 201	2	
Sigursveinn Stofa 2 : 202		
Halldór Stofa 3 : 302	1	
Kristmundur Stofa 4 : 401	3	

Þegar einstaklingur er skráður í leyfi í Legum birtist tilkynning um það fyrir neðan nafn hans í yfirlitinu.

Ásta Stofa 4 : 402	1	
Leyfi: Hvíldarinnlögn/Endurhæfing 28.09.2019		

Efst í yfirlitinu sést tími lyfjagjafar/gjafaskráningar. Þessi gluggi uppfærast ekki enn eftir því sem tímanum líður en það kemur vonandi í næstu útgáfu af Sögu.

Einstaklingur	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17
Birkir Stofa 1 : 102										
Samkeyrsla tókst síðast 29.08.2019 14:12										
Sigurrós Stofa 1 : 101										
Hrönn Stofa 2 : 201										
Sigursveinn Stofa 2 : 202										
Jón Bjarnason Stofa 3 : 301										

Nokkur mismunandi tákni geta verið við nöfn einstaklinga og verða þau útskýrð hér fyrir neðan.

**3 Lyf gefin eftir þörfum (PN lyf).** Þegar mús er rennt yfir táknið birtast þau lyf sem mögulegt er að gefa eftir þörfum. Nánar er fjallað um gjafaskráningu hér fyrir neðan.

Þegar smellt er á táknið **3** opnast gjafaskráningarglugginn. Þegar lyf hefur verið gefið birtist táknið í yfirlitinu sem sýnir að lyf eftir þörfum hafi verið gefið.

Mús er rennt yfir táknið og þá sést að sjúklingur hefur fengið lyfið.

**Opna MedEye lyfjaskanna.** Þeir sem eru með uppsettan MedEye lyfjaskanna geta smellt á þennan hnapp til að fara yfir í lyfjaskannann.

**Í bið.** Ekki er búið að taka afstöðu, þ.e. búið er að taka til lyfin en ekki gefa þau. Þetta tákni birtist þegar um föst lyf er að ræða. Hægt er að hægrismella á táknið og velja; „Opna lyfjatiltekt“ og „Opna gjafaskráningu“. Þegar smellt er á táknið opnast „Tiltekt lyfjagjafar“. Nánar er fjallað um lyfjatiltekt neðar í skjalinu.

Þegar mús er rennt yfir táknið „Í bið“ birtist sviftexti með þeim lyfjum sem á eftir að taka afstöðu til.



**Í vinnslu.** Búið er að tína til lyf að hluta og tiltekt er því ekki lokið. Þegar hægrismellt er á táknið birtast valmöguleikarnir „Opna lyfjatiltekt“ og „Opna gjafaskráningu“ og þegar mús er rennt yfir táknið birtist sviftexti með upplýsingum um hvaða lyf hafa verið tekin til og hvaða föstu lyf á eftir að taka til.



	1 töflur Ranitidine töfl
	1 töflur Verapamil töflur 80 mg - Tiltekið
	1 töflur Protease/Amylase/Lipase töflur -
	1 hylki Lyrica hylki 225 mg -



**Tilbúin til gjafar.** Lyfin hafa verið tekin til og eru tilbúin til gjafar. Þegar mús er rennt yfir táknið sjást hvaða föstu lyf hafa verið tekin til og hvaða PN lyf. Þegar notandi tvísmellir á táknið opnast [gjafaskráningargluggi](#) og þegar notandi hægrismellir á táknið birtast sömu aðgerðir og áður; „Opna lyfjatiltekt“ og „Opna gjafaskráningu“.



	1 hylki Dabigatran hylki 75 mg
	2 töflur Lopress Comp töflur 125 mg - Tiltekið
PN	1 töflur Ibuprofen Bril töflur 400 mg - Tiltekið
	2 töflur Panodil töflur 500 mg - Tiltekið
	6 ein. NovoRapid Flexpen stungulyf 100 ein./ml - Tiltekið
	2 hylki Celecoxib Actavis hylki 200 mg - Tiltekið
	2 töflur Asýran töflur 150 mg - Tiltekið



**Á eftir áætlun.** Lyf eru komin fram yfir skilgreindan gjafatíma. Þegar tvísmellt er á táknið opnast gjafaskráningarglugginn og þegar notandi hægrismellir á táknið birtast sömu aðgerðir og áður; „Opna lyfjatiltekt“ og „Opna gjafaskráningu“. Þegar mús er rennt yfir táknið birtist sviftexti og sést að búið er að gefa eitt af föstu lyfjunum en hin tvö eru á eftir áætlun.



	1 töflur Concerta forðatöflur 54 mg - Gefið
	1 hylki Dabigatran hylki 75 mg -
	1 töflur Amoxicillin töflur 500 mg -



**Afstaða skráð.** - Lyf hefur verið annað hvort gefið eða ekki gefið. Þegar tvísmellt er á táknið opnast gjafaskráningarglugginn og þegar notandi hægrismellir á táknið birtast sömu aðgerðir og áður; „Opna lyfjatiltekt“ og „Opna gjafaskráningu“. Þegar notandi rennir mús yfir táknið birtist sviftexti sem sýnir að afstaða var tekin til lyfjanna - í þessari skjámynd: „Gefið“.

Sýnin í þessu yfirliti ætti að vera sem mest með græna táknið „Afstaða skráð“ því það merkir að búið er að taka til lyf eða taka afstöðu til lyfjagjafar. Tiltekt á lyfi á ekki að gerast eftir á.



Þegar örvar birtast við táknið „Afstaða skráð“ merkir það að áætluðum tíma á lyfjagjöf hafi verið breytt. Þegar ör vísar til hægri merkir það að tíma á gjafaskráningu hafi verið breytt, skráð fram í tímann/gjöf seinkað og þegar örin vísar til vinstri merkir það að tíminn á gjafaskráningu var færður fyrir áætlaðan tíma, þ.e. gjöf flýtt.




**Breyting.** Þegar breyting er gerð á lyfjafyrirmælum og afstaða hefur verið tekin í gjafaskráningu þá birtist þetta tákn.

### Afstaða ekki tekin

Í yfirliti lyfjagjafaáætlunar er sérstakur dálkur (lengst til hægri) sem útlistar þær lyfjatiltektir þar sem afstaða hefur **ekki** verið tekin. Þessi listi birtist eftir dagsetningu og tímaröð, nýjast efst og sækir Saga 100 lyfjatiltektir sem á eftir að taka afstöðu til. Ef eitthvað sést í þessum lista þá þarf að taka afstöðu til lyfjatiltektar og þessi listi á helst ekki að innihalda neitt. Það á alltaf að klára alla tiltekt með því að skrá afstöðu með gjafaskráningu eða afbókun lyfja. Nánar er farið í gjafaskráningu [hér](#) og afbókun lyfja [hér](#).

Lyfjagjafaáætlun á alltaf að „Klára“ og merkir það ekki endilega að lyf hafi verið gefið heldur að afstaða hafi verið tekin. Það merkir að lyf var ef til vill afbókað eða gefið. Síðar meir á eftir að bæta við í ferlið „Afhent“ og er það þegar lyf er afhent sjúklingi.

Þegar mús er rennt yfir reitina undir „Afstaða ekki tekin“ birtist blýantstákn og valmöguleikinn „Opna gjafaskráningu“. Nánar er fjallað um gjafaskráningu [hér](#), en þegar afstaða hefur verið tekin hverfur nafn sjúklings af þessum lista.




## Lyfjatiltekt

Glugginn „Tiltekt lyfjagjafar“ opnast þegar heilbrigðisstarfsmaður smellir á táknið „Í bið“ eða „Í vinnslu“ út frá Lyfjagjafaáætlun. Dagsetning og tími birtast sjálfkrafa í horninu uppi hægra megin í glugganum og er sá tími sem notandi smellir á táknið og er kallað „Gjafatími tiltektar“. Vinstra megin í glugganum birtast lyf sem á að taka til. Það geta verið föst lyf í skömmtun, föst lyf utan skömmtunar, Lyfjakúr eða Lyf eftir þörfum (PN lyf). Hægra megin efst í „Tiltekið“ birtast þau lyf sem búið er að taka til og flytjast þau yfir í þennan reit eftir að búið er að staðfesta tiltekt. Í „Afstaða tekin“ birtast allar gjafaskráningar yfir daginn þar sem afstaða hefur verið tekin (hvort sem lyf var gefið eða afbókað). Í glugganum neðst hægra megin er „Niðurtalning birgðastöðu“ og er þessi niðurtalning tengd birgðakerfi stofnunar. Það sem birtist þarna uppfærast ekki jafnóðum heldur þarf að loka glugganum til þess að skráning í birgðastöðu uppfærast. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um hvern reit fyrir sig í þessum glugga og tákni og aðgerðir útskýrðar.

## Lyfjatiltekt


Hér fyrir neðan er lyfjatiltekt fyrir föst lyf í skömmtun . Hægt er að staðfesta öll lyf í einu með því að smella á hnappinn „Staðfesta skömmtun“ og þá flytjast öll *föst lyf í skömmtun* (tekin til í apóteki) beint yfir í „Tiltekið“ án nokkurra breytinga. Einnig er hægt að velja eitt lyf í einu af föstum lyfjum í skömmtun og staðfesta þannig lyfjatiltekt. Staðfesta hnappurinn birtist þegar mús er rennt yfir línuna og er þannig hægt að flýta fyrir lyfjatiltekt. Þegar smellt er á línu í Lyfjatiltekt birtast aðgerðarhnappar til þess að skrá athugasemd, afbóka lyfjagjöf, velja sérlyf og breyta skammti. Þessar aðgerðir eru útskýrðar hér fyrir neðan.



Notandi getur skrifað í reitinn „Skammtur“ til að breyta skammti á lyfi og í fellivalmynd getur notandi valið sérlyf.


**Athugið** að EKKI er hægt að velja mörg lyf í einu til þess að staðfesta nema þau sem eru föst lyf í skömmtun. Önnur lyf sem tekin eru til eru valin eitt í einu og lyfjatiltekt er staðfest á einu lyfi í einu. Hægt að velja fleiri en eitt lyf í einu í „Lyfjatiltekt“ þegar notandi vill skrá sömu athugasemd á þau öll eða til þess að afbóka. Til þess að velja fleiri en eitt lyf er Ctrl lykli haldið niðri og því næst smellt á þau lyf sem á að velja. Ef velja á öll lyf sem eru undir „Lyfjatiltekt“ er hægt að velja Shift + Ctrl og smella á efsta lyf í tiltektinni og því næst á neðsta lyfið og þá veljast öll lyf sem eru á milli. Þetta gæti t.d. gerst ef sjúklingur er fjarverandi (í helgarleyfi) og þarf að afbóka alla lyfjatiltekt. Þá er fyrst skráð athugasemd á lyfin og því næst eru þau afbókuð. Annað dæmi gæti verið að sjúklingur er fastandi einn dag og þá þarf að afbóka öll lyf, þá er skráð athugasemd og svo afbókað.

**Skrá athugasemd.** Notandi getur skráð athugasemd við lyfjatiltekt með því að smella á táknið „Skrá athugasemd“.




**Athugasemd.** Athugasemdartákn birtist við lyfið og þegar mús er rennt yfir táknið birtist sviftexti með athugasemdinni. Athugasemdin flyst með yfir í reitina „Tiltekið“ og „Afstaða tekin“.






**Afbókað.** Notandi getur valið að afbóka lyfjagjöf og getur ástæða verið t.d. að sjúklingur var sofandi. Þá er lyf valið og smelt á „Afbókað“.





Valmöguleikarnir sem birtast eru; Óskilgreint, Lyf ekki til, Fjarverandi, Fastandi, Sofandi, Ógleði, Hafnaði lyfjagjöf, Vandamál að kyngja og Kastaði upp. Sjá mynd hér fyrir neðan. Gott er að skrá athugasemd fyrst áður en afbókað er, sérstaklega ef enginn af valmöguleikum í fellivalmynd hentar.



**Tiltekið.** Í reitnum „Tiltekið“ birtast þau lyf sem hafa verið tekin til.

Tiltekið	
1 töflur Modamide töflur 5 mg 11:14 Guðrún	i
1 töflur Amoxin töflur 500 mg 11:12 Guðrún	i
<b>PN</b> 1 töflur Panodil töflur 500 mg 11:13 Guðrún	i
1 töflur Concerta forðatöflur 54 mg 11:13 Guðrún	i


Þegar smelt er á lyf í listanum yfir tiltekin lyf birtist tákn  fyrir aðgerðina „Hætta við“. Notandi getur smelt á þetta tákn og þá flyst lyfið aftur yfir á sinn stað í lyfjatiltekt.




Takið eftir að lyf sem gefin eru eftir þörfum (PN) eru sérstaklega merkt í glugganum fyrir tiltekin lyf og lítur táknið svona út **PN**.

### Afstaða tekin

Allar gjafaskráningar yfir daginn þar sem afstaða hefur verið tekin birtast undir „Afstaða tekin“. Lyf sem hefur verið afbókað birtist með rauðu tákni **×** sem gefur til kynna að það var ekki gefið. Texti í glugganum segir einnig að lyf var ekki gefið og hver ástæðan var.




Hafi lyf verið tekið til birtist grænt hak við lyfið **✓**. Notandi getur rennt mús yfir upplýsingatáknið til að sjá allar upplýsingar um lyfið.




Önnur tákni sem geta birst við lyfjatiltekt eru eftirfarandi og birtist sviftexti þegar mús er rennt yfir þau öll.


**Rx Sérstök gjafafyrirmæli.** Kemur sjálfkrafa úr lyfjafyrirmælakerfi (EMed - sem sést í Aukaglugga).




**Frá lækni.** Upplýsingar í sviftexta birtast sjálfkrafa frá lyfjafyrirmæliakerfi (EMed - sem sést í Aukaglugga).




**i Upplýsingar.** Þegar mús er rennt yfir upplýsingatáknið birtist sviftexti með upplýsingum um lyfjafyrirmæli, hver ávísar, hver er upphafsdagur lyfjagjafar og hvenær fyrirmæli voru búin til.



**R merkt lyf.** Þegar mús er rennt yfir táknið birtist texti um að samheitalyf eru ekki leyfð. Saga lokar aftur á móti ekki á að samheitalyf sé valið.




**★ Generísk lyf.** Rauð stjarna við lyf tákna að lyfið hefur virk innihaldsefni.



### Lyf eftir þörfum


Hægt er að gera tiltekt á lyfjum eftir þörfum, eða á PN lyfjum **PN** en sýn á þeim er fyrir neðan föst lyf. Í þessari sýn er „Staðfesta“ hnappurinn ekki sjálfkrafa virkur og virkjast hann ekki fyrr en búíð er að velja sérlyf í fellivalmynd og skammtastærð. Hér geta lyfin verið eins merkt og er útskýrt hér fyrir ofan í lyfjatiltekt á föstum lyfjum. Ekki er hægt að skrá athugasemd eða afbóka í „Lyf eftir þörfum“.

#### Lyf eftir þörfum



Þegar PN lyf hefur verið staðfest/tekið til þá flyst það yfir í „Tiltekið“ og er sérstaklega merkt sem PN lyf í þeim glugga. Það er hægt að hætta við þessa tiltekt með því að smella á „Hætta við“ eins og lýst hefur verið hér fyrir ofan.

#### Tiltekið



### Niðurtalning birgðastöðu


Í glugganum neðst hægra megin er „Niðurtalning birgðastöðu“ og er þessi niðurtalning tengd birgðakerfi stofnunar. Það sem birtist þarna uppfærast ekki jafnóðum heldur þarf að loka

glugganum til þess að skráning í birgðastöðu uppfærist. Þegar smellt er á lyf í listanum þá birtist táknið „Fjarlægja“ sem gefur notanda möguleika á að fjarlægja lyf úr niðurtalningu birgðastöðu.

Niðurtalning birgðastöðu	
Imraldi stungulyf 40 mg/spr	6 mg
Octostim nefúði 0,15 mg/sk	3 skammtar

## Gjafaskráning





Þegar lyf hafa verið tekin til þá er skráð lyfjagjöf. Glugginn „Gjafaskráning“ opnast þegar starfsmaður smellir á táknið „Tilbúin til gjafar“ og „Á eftir áætlun“ í yfirliti yfir lyfjagjafaáætlun. Gjafaskráningarglugginn opnast einnig strax þegar smellt er á tölutákn við „Lyf eftir þörfum“. Einnig er alltaf hægt að hægismella á öll tákni í yfirlitinu og velja annað hvort „Opna lyfjatiltekt“ eða „Opna gjafaskráningu“.










Virkin í glugganum „Gjafaskráning“ er sambærileg og í glugganum „Lyfjatiltekt“. Það sem breytist í glugganum er að lengst til vinstri birtast litir við lyfin eftir því hvar lyfið er stadd í ferlinu fyrir lyfjagjafaáætlun. Grár litur merkir að ekki er búið að taka afstöðu til lyfsins, þ.e. búið að taka það til en ekki búið að skrá hvort það hafi verið gefið eða afbókað. Gul liturinn við lyfið merkir að lyfið hefur verið tekið til og er tilbúið til gjafar. **Athugið:** Ef starfsmaður

smellir á „Staðfesta“ efst í glugganum þá flytjast bara gulu lyfin yfir í „Lokið“ en ekki þessi gráu því það er ekki búið að taka þau til.


Tími gjafar er einnig nýr í þessum glugga. Notandi getur skráð tíma gjafar. Tíminn sem birtist sjálfkrafa í glugganum er sá tími sem skráður var upphaflega í EMed kerfið. Ef notandi breytir tímanum hér í þessum glugga og velur annað hvort lyfjagjöf fram í tímann eða aftur í tímann


(miðað við upphaflegan tíma) þá breytist „Afstaða skráð“  táknið. Það getur birst með ör sem vísar til hægri  (fyrir gjöf fram í tímann), ör sem vísar til vinstri  (fyrir gjöf aftur í tímann) eða ör sem vísar í báðar áttir  (fyrir gjöf sem var skráð bæði fram og aftur í tímann).

Lyfjagjafir sem hafa verið staðfestar færast yfir í gluggann „Lokið“ og ef lyf er tengt birgðakerfi þá birtist það einnig í glugganum „Niðurtalning birgðastöðu“. Allar aðgerðir og tákni eru eins og í glugganum „Lyfjatiltekt“. Hægt er að skoða texta bak við táknið (  -  -  -  -  ) með því að setja mús yfir þau og þegar smellt er á lyf þá birtast aðgerðarhnappar. Hægt er að færa lyf til baka  úr „Lokið“ og afbóka  .


**Lokið**




10.10.2019 13:00:00

 1 töflur Ibuxin rapid töflur 400 mg i

09:00 Guðrún 

10.10.2019 12:00:00

 1 töflur Ibuxin rapid töflur 400 mg i

14:00 Guðrún   

## Útgáfa 2020.2 – viðbætur

- Bætt var við aðgerðina „Skrá gjafaskráningu“ í deildaryfirlitinu til að fjölskrá lyfjagjafir fyrir valinn tíma.

Einstaklingur	08	09	10	11	12	13	14	15
Andrea A, 3 hæð : rúm 13					3			
Brynja G : rúm 9					1			

Skrá gjafaskráningu

**Nánari lýsing:** Sem hjúkrunarfræðingur get ég valið stakan gjafatíma og skráð gjafaskráningu með einni aðgerð. Bara þær gjafir sem hafa verið tilteknaðar verða skráðar. Hægt er að „fjölskrá“ lyfjagjafir fyrir valinn tíma með því að velja aðgerðina „Skrá gjafaskráningu“ fyrir ákveðinn tíma með því að hægrismella á gjafatíma í deildaryfirlitinu. Ekki er hægt að fjölskrá fram í tímann fyrir valinn gjafatíma.

Ef breyting hefur verið gerð á lyfjafyrirmælum eftir að tiltekt hefur farið fram birtist viðvörðun um að leiðrétta þurfi breytingar áður en hægt er að gera fjölgjafaskráningu.

Saga ✖

Breyting hefur verið gerð á fyrirmælum þar sem afstaða hefur þegar verið tekin. Lagfæra þarf tiltekt fyrir eftirfarandi einstaklinga:

[Redacted Name]

Loka

Upplýsingagluggi birtist þegar gjafaskráning fer fram og kemur í veg fyrir að hægt sé að framkvæma aðra aðgerð á meðan gjafaskráning fer fram.

**Vinsamlegast bíðið**  
Skrái lyfjagjafir fyrir:  
Sigursveinn

Í lok keyrslu eru allar þær lyfjagjafir sem höfðu verið tilteknaðar fyrir valinn tíma skráðar gefnar.

- Bætt var við nýrri virkni þar sem hægt er að taka afstöðuna „Afhent“ fyrir lyfjagjafir fram í tímann.

**Nánari lýsing:** Notandi velur tíma fram í tímann í deildaryfirlitinu og hægrismellir á tímann og velur: Lyfja afhending.

08	09	10	11	12	13	14	15	16

- Setja sem valinn einstakling Ctrl+W
- Lyfja afhending Ctrl+M

Eftirfarandi gluggi birtist þar sem notandi setur inn dagsetningu frá og til og smellir svo á Sækja:

Velja tímabil afhendingar

kl: 14:56 19.05.2020

Lyfjaafhending Dags. frá: 19.05.2020 kt: 14 Dags. til: 21.05.2020 kt: 00 Sækja

Atacol 100mg 40 mg x 0 töflur  
ATC: C10AA05 Gjafaleið: Til inntöku

Kestine töflur 10 mg Skrá athugasemd 10 töflur  
ATC: R06AX22 Gjafaleið: Til inntöku

Fóst lyf utan skömmtunar Velja/breyta sérlyf

Asýran töflur 150 mg 14 töflur  
ATC: A02BA02 Gjafaleið: Til inntöku

Aðgerð "Afhent" merki gjafaskráningu afhent. 09:00 13:00 18:00 22:00  
4 4 4 2

St... Gjafat... Áv... Sk... Sérlyf Niðurstaða At...

19.05.2020

✓	18:00	2	2	Asýran töflur 150 mg	Afhent	
✓	22:00	1	1	Asýran töflur 150 mg	Afhent	

20.05.2020

📅	09:00	2	2	Asýran töflur 150 mg		
📅	13:00	2	2	Asýran töflur 150 mg		
📅	18:00	2	2	Asýran töflur 150 mg		
📅	22:00	1	1	Asýran töflur 150 mg		

21.05.2020

📅	09:00	2	2	Asýran töflur 150 mg		
---	-------	---	---	----------------------	--	--

Niðurtalning birgðastöðu

Skrá úttekt  
Glimepiride töflur 3 mg 4 tafla  
Paracetamol-ratiopharm töflu... 14 tafla

Steppa úttekt  
Dalteparin stungulyf 12500 a... 2 sprauta  
0,5ml Áfyllt sprauta

Birtir heildarmagn fyrir valið tímabil sem á að afhend.

Niðurbrot heildarmagn fyrir gjafatímabil

Eftirfarandi gjafatímar birtast ekki í heildarmagni því það er þegar búið að skrá afstöðu

- Samtenging við birgðastýringarkerfið Alfa hefur verið útfært fyrir Lyfjafyrirmæli og gjafaskráningu. Í lyfjatiltekt er núna hægt að virkja sjálfvirka niðurtalningu á birgðastöðu.

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir